



Starfsáætlun Demantabæjar

2025-2026

Efnisyfirlit

1. Hagnýtar upplýsingar	3
2. Gjaldskrá og innheimta	4
3. Starfið í vetur	4
Frístund.....	4
Klúbba-/hópastarf	5
4. Skólabragur/reglur	6
Skólareglur	6
5. Frístundalæsi.....	7
6. Barnaráð	7
7. Foreldrasamstarf.....	8
8. Öryggi og verkferlar	8
Fyrirkomulag inn- og útskráningar barna.....	8
Barn mætir ekki / barn týnist	9
Áverkar og slys	10
Á ferð með börnin.....	11
Rýmingaráætlun	14
9. Hressing	15
10. Innra mat	15
11. Símenntunaráætlun	16
12. Listi yfir starfsfólk og starfsheiti	17
13. Annað sem varðar starfsemina	18

Hagnýtar upplýsingar

Demantabær er frístundin í Lindaskóla. Frístundin er tómstundaviðvera fyrir nemendur í 1.- 4. bekk. Frístundin opnar að skóladegi loknum og er opin til kl. 16:30. Öll börn fá síðdegishressingu meðan á dvöl þeirra stendur. Skráning barna í Demantabæ fer fram í gegnum [þjónustugátt](#) Kópavogsbæjar eða umsóknarvefinn [vala.is](#) og þar er valinn vistunartími barnsins.

Demantabær er opinn alla daga sem Lindaskóli starfar og alla virka daga í kringum jól og páska en lokað er á þorláksmessu, aðfangadag og gamlársdag. Einnig er opið allan daginn á þremur af fimm skipulagsdögum skólanna sem eru á skólatíma. Starfsmenn Demantabæjar fá tvo skipulagsdaga á skólaárinu, einn á hvorri önn, í þeim tilgangi að skipuleggja faglegt starf með börnunum og sinna þjálfun og fræðslu starfsmanna. Skipulagsdagarnir eru sameiginlegir með öðrum frístundum Kópavogs. Forstöðumaður frístundar upplýsir foreldra með góðum fyrirvara um dagsetningar þessara skipulagsdaga. Demantabær er lokaður á skólasetningardegi og í vetrarfríum skólans. Starfsemi Demantabæjar hefst á fyrsta virka skóladegi og lýkur á föstudegi í þeirri viku sem skólaslit eru í Lindaskóla. Þannig er boðið upp á þjónustu Demantabæjar þar til sumarnámskeið og aðrar tómstundir taka við.

Yfirmarkmið Demantabæjar er að skapa öruggt og létt umhverfi. Lögð er mikil áhersla á frjálsræði og frumkvæði í leik. Einnig er lögð mikil áhersla á gagnkvæma virðingu í samskiptum og leitast er eftir því að leiðbeina börnunum hvernig best sé að leysa ágreining sem kann að koma upp og geta séð sjónarmið annarra. Lögð er rík áhersla á samhjálp, samhug og samvinnu.

Forstöðumaður Demantabæjar er Kristín Lillý Kjærnested. Netfang forstöðumanns er kristink@kopavogur.is. Símanúmer í Demantabæ er 441 3026. Einnig eru gsm númer í hvern bekk í 1. - 4. bekk til að auðvelda bein samskipti. Forföll eða aðrar breytingar varðandi daginn eru tilkynnt til forstöðumanns fyrir kl. 12:30 í tölvupósti eða með því að hringja. Breytingar á vistunartíma fara í gegnum umsóknarvefinn [vala.is](#) og geta foreldrar valið hvenær breytingin tekur gildi.

Í Demantabæ starfa 13 frístundaleiðbeinendur sem fylla upp í 10 stöðugildi, þrír frístundaleiðbeinendur m. stuðning og forstöðumaður. 158 börn eru skráð í frístundina skólaárið 2025-2026. 43 börn í 1. bekk, 36 börn í 2. bekk, 50 börn í 3. bekk og 29 börn í 4. bekk.

Gjaldskrá og innheimta

Gjaldskrá Demantabæjar er að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar á slóðinni: <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra> og þar er valið frístund.

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- 1. hvers mánaðar er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt eftir á.
- 10. hvers mánaðar er eindagi.
- 12. hvers mánaðar sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- 20. hvers mánaðar hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- 10. næsta mánaðar fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd að tveimur mánuðum liðnum skal skólinn segja vist barns upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Starfið í vetur

Frístund

Í Demantabæ er lagt áherslu á að gera fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Lagt er upp með að gera dvölinu sem skemmtilegasta og að börnunum líði vel í frístundinni. Svæðunum sem boðið er upp á er skipt upp, til þess að gefa börnunum tækifæri til þess að velja sér mismunandi hluti til að gera yfir daginn. Þannig er reynt að höfða til fjölbreytni og gefa börnunum tækifæri á að kynnast fjölbreyttari afþreyingu.

Dagskipulag er misjafnt eftir dögum en skiptist að mestu í hópastarf í bland við frjálsan leik inni og úti. Reglulega eru unnin skemmtileg þemaverkefni þar sem nýtt er tengingu við það sem er að gerast í samfélaginu og árstíðubundnar hátíðir. Frístundin er bekkjarskipt og er gerð stundatafla fyrir hvern árgang þar sem börnin, foreldrar og starfsmenn geta séð dagskrá og skipulag hvers dags fyrir sig. Stundataflan getur breyst reglulega yfir veturinn.

Íþróttafélög í Kópavogi bjóða upp á frístundavagna og skrá foreldrar tómstundaferðir barna í gegnum umsóknarvef [Völu](#), undir *Frístundaakstur*, en greiðslur fyrir notkun vagnanna fara í gegnum forrit hvers íþróttafélags. Forstöðumaður býr til íþróttarútlista út frá skráningu á Völu. Passað er upp á að börnin séu búin að fá hressingu áður en þeim er fylgt í rétta rútu. Íþróttafélögin senda allar upplýsingar á foreldra eða forráðamenn og því treystir starfsfólk frístundar algerlega á upplýsingar frá foreldrum varðandi hvenær börn eiga að fara í rútu.

Klúbba-/hópastarf

Fjölbreytt hópastarf er í frístundinni fyrir 1.- 4. bekk. Boðið er upp á sögustund fyrir 1. bekk á fimmtudögum, leiklistarklúbb fyrir 2.- 4 bekk á þriðjudögum, listasmiðju fyrir 1.- 3. bekk á miðvikudögum og danssmiðju á þriðjudögum fyrir 1. bekk og miðvikudögum fyrir 2. bekk. Bókasafnsferðir eru 1- 2x í viku fyrir alla bekki. Boðið er upp á matreiðslu á þriðjudögum fyrir 3. bekk, á miðvikudögum fyrir 4. bekk og á fimmtudögum fyrir 2. bekk. Ipad/Kahoot er á mánudögum fyrir 2. bekk og á fimmtudögum fyrir 3. og 4. bekk (ekki saman). *Föndur og kósý* er á þriðjudögum í umsjá myndmenntakennara fyrir 1.- 2. bekk, skák á mánudögum fyrir 1. - 4. bekk og kóræfingar kórs Lindaskóla er í umsjá kórkennara á föstudögum. Kórstjóri er áfram með tíma sem heitir *Tala Tala* fyrir þá sem vilja í 2.- 4. bekk. Þá er boðið upp á utanaðkomandi námskeið í vetur gegn aukagjaldi, eins og Tækni-Legonámskeið og dansnámskeið frá Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar.

Frístundin hefur aðgengi að íþróttasal Lindaskóla fjóra daga vikunnar og er hann nýttur í skipulagða leiki og frjálsan leik. Er tímanum í íþróttasalnum skipt þannig að hver árgangur hafi tækifæri til að fara að minnsta kosti tvisvar í viku.

Víkuskipulag Demantabæjar fylgir með neðst í starfsáætluninni.

Skólabragur/reglur

Í Lindaskóla hefur skapast jákvæður skólabragur. Lögð er áhersla á stundvísi, jákvæð samskipti og virðingu manna í milli. Unnið er markvisst að því að fyrirbyggja einelti og samskiptavanda. Sú leið sem við vinnum eftir er kölluð Saman í sátt og er byggð á efni eftir Erling Roland og Grete Sörensen Vaaland.

Skólareglur

Til að tryggja gott starf í Demantabæ setjum við okkur þessar reglur og gilda þær á opnunartíma Demantabæjar og í ferðum á okkar vegum.

1. Framkoma

Öllum starfsmönnum Lindaskóla, börnum, kennurum og öðrum ber ávallt að sýna fyllstu kurteisi og vandað orðbragð í öllum samskiptum. Börnunum ber ætíð að fara eftir fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna.

2. Umgengni

Börnin eiga að ganga vel um skólann og eigur hans, bæði innandyra og utan. Það gildir um námsgögn, leikföng, húsbúnað og skólahúsnæðið sjálft. Börnunum er óheimilt að hafa í fórum sínum eldfæri, hnífa eða annað það sem getur skaðað þá sjálfa eða aðra.

3. Skólalóð

Börnunum er óheimilt að fara út af skólalóðinni í útivist. Þeim ber að temja sér friðsamlega framkomu og trufla ekki aðra í leik og starfi. Hjólreiðar á skólalóð eru bannaðar á opnunartíma Demantabæjar vegna slyshættu.

4. Tæki nemenda

Öll notkun farsíma er óheimil í Demantabæ. Öll tæki í eigu nemenda eru alfarið á ábyrgð þeirra sjálfra.

5. Nánari reglur og ákvæði

Kennurum og starfsfólki er heimilt að setja nánari reglur á starfsstöðvum sínum, ekki síst þar sem starfsemi krefst þess.

Á við í Demantabæ:

Ef reglur þessar eru brotnar eða börn sýna af sér óæskilega hegðun er rætt við viðkomandi. Ef barn heldur áfram að brjóta af sér er farið yfir málin með forstöðumanni. Í alvarlegri tilfellum er haft samband við foreldra.

Í Demantabæ er andmælaréttur virtur og jafnræðis gætt í meðferð allra mála.

Frístundalæsi

Í öllum stofum frístundar er upphengt myndrænt skipulag í hæð sem sýnileg og auðlesanleg er fyrir börnin. Skipulagið er bæði í rituðu máli og myndrænu, en myndir eru við hvern lið dagskrár til nánari skýringa. Eins eru mismunandi litir notaði á letrinu eftir hvaða dagskrárliður við á.

Á frístundarganginum er skipulagið hengt upp í stærri útgáfu hvern dag og þá dagskrá þess dag sem við á enn sýnilegri í máli og myndum. Matseðill frístundar hangir einnig uppi á áberandi stað. Þá er önnur tafla á frístundargangi notuð til að skrifa hvaða starfsmenn eru með hvern bekk hvern dag og hvað er í kaffinu þann daginn. Allt er skrifað með stórum stöfum til að auðvelda lestur yngstu lesendanna.

Allir leikfangakassar í frístundinni eru merktir þeim leikföngum sem eru í kössunum ásamt mynd af viðkomandi leikföngum.

Frístundin hefur greiðan aðgang að Lindasafni, sem er skólabókasafn Lindaskóla á skólatíma, en almenningssafn að loknum skóla. Skipulagðir bókasafnstímar eru vikulegir til tvisvar í viku fyrir hvern bekk, auk þess sem sögustund er fyrir yngstu börnin á safninu þar sem lesið er fyrir þau. Bækur eru í þremur af fimm stofum frístundar og passað upp á að bækurnar snúi fram í upphafi hvers dags, svo aðgengi sé gott fyrir börnin.

Barnaráð

Barnaráð hefur verið starfandi í Demantabæ og hafa börnin töluvert um starfið að segja. Við hlustum eftir því hvað þeim finnst skemmtilegt að gera og reynum að verða við óskum þeirra

höfum við tækifæri til. Á fundum barnaráðs er m.a. rætt um hugmyndir að hópastarfi, leikföngum til að hafa í frístund, matseðilinn, reglur sem settar eru í sameiningu, framkomu og hegðun sem börnunum finnst mikilvæg.

Foreldrasamstarf

Lögð er mikil áhersla á gott samstarf við foreldra og forráðamenn. Með góðu samstarfi tryggjum við gagnkvæmt traust á milli foreldra og starfsmanna Demantabæjar þar sem hagsmunir barnanna eru í fyrirrúmi. Foreldrar fá sent fréttabréf reglulega með fréttum úr Demantabæ og matseðla. Þá eru sendir tölvupóstar aukalega ef koma þarf skilaboðum áleiðis.

Öryggi og verkferlar

Til að tryggja öryggi barna í frístundastarfi, er mikilvægt að allt starfsfólk sé vel upplýst um vinnulag, vinnuferla og reglur. Hver frístund setur sér ákveðið vinnulag um daglega inn- og útskráningu barna og hvernig forföll barna eru tilkynnt í frístund og hópastarfi. Starfsmenn notast á við umsóknarvefinn Völu til innskráningar og útskráningar og nota til þess spjaldtölvur.

Verði slys á barni skal ávallt haft samband við foreldra og hlúð að barni þar til foreldrar koma og sækja það. Gerist þess þörf fylgir starfsmaður barni á slysadeild og er hjá því þar til foreldrar koma. Skólinn borgar fyrstu komu á slysadeild. Forstöðumaður sér um að slys sé skráð samkvæmt verklagsreglum viðkomandi skóla.

Fyrirkomulag inn- og útskráningar barna

Þegar börnin koma í Demantabæ, þá koma þau á ákveðna staði til að merkja sig inn. Þar tekur starfsmaður á móti þeim með tiltekinn lista/spjaldtölvu og merkir við. Skráð er hver sækir börn í lok dags (móðir, faðir, systkini...).

Barn mætir ekki / barn týnist

**Barn mætir
ekki / barn
týnist**



Talað við kennara og/eða stuðningsfulltrúa í bekk barnsins

Ef barnið finnst er rætt við það um mikilvægi þess að mæta tímanlega og skrá sig inn, láta foreldra vita í lok dags.

**Barn finnst
ekki**



Ef barnið finnst ekki er hringt í foreldri og athugað hvort barnið hafi farið heim eða verið sótt

Leit endurtekin og einnig leitað í nálægð við skólann í samstarfi við forráðamenn. Haft samband við forráðamenn bekkjarfélaga og athugað hvort barn hafi farið heim með vini.

**Haft samband
við lögreglu**



Ef ekki gengur að finna barnið þá skal haft samband við lögreglu í samráði við forráðamenn (1-2 klst. eftir að barn hefur ekki látið sjá sig).

EF ÞAÐ KEMUR ÍTREKAÐ FYRIR AÐ BARN SKILI SÉR EKKI Í FRÍSTUND VERÐA FORRÁÐAMENN OG FORSTÖÐUMAÐUR AÐ RÆÐA SAMAN OG FINNA LEIÐIR TIL ÚRBÓTA.

Smávægilegir áverkar



Smávægilega áverka má skilgreina sem óhapp sem ekki þarf að leita til læknis vegna, t.d. skrámur, marblettir, blóðnasir, skurðir og skeinur.

Gert er að áverkum með búnaði úr sjúkrakassa á staðnum.

Ef barninu er ekki treyst í frekari dagskrá þá skal haft samband við forráðamenn.

Alvarlegir áverkar



Alvarlega áverka má skilgreina sem óhapp þar sem leita þarf til læknis, s.s. alvarleg brunasár, beinbrot, andlitsáverkar, tognanir, þung höfuðhögg, bakáverkar og grunur um innvortis meiðsl.

Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálp.

Starfsfólk skiptir með sér verkum og sjá til þess að sinna öðrum börnum.

Ef áverkar eru alvarlegir/lífshættulegir er hringt á 112 og barni fylgt á bráðamóttöku.

Haft er samband við forráðamenn.

Höfuðhögg



Alltaf haft samband við forráðamenn og látið vita. Hafa skal í huga að heilahristingur kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra klukkutíma.

Gera skal skýrslu um slysið.

Sé barn með alvarlegan sjúkdóm eða ofnæmi er mikilvægt að allt starfsfólk sé upplýst um það og viti um staðsetningu á adrenalínpena eða öðru sem til þarf og að notkun allra hjálpartækja sé öllum ljós.

Á ferð með börnin

Ferð undirbúin



Bakpoki með: sjúkrakassa, farsíma og viðverulista/aðstandendalista. Huga þarf vel að börnum með sérþarfir og sjúkdóma.

Ef ná þarf sambandi við forráðamenn er haft samband við skólaritara til að fá upplýsingar um símanúmer.

Mynda skal tvöfalda röð og börn talin í upphafi og þegar lagt er af stað til baka.

Mikilvægt að starfsmaður sé fremst og annar aftast sem hefur yfirsýn yfir hópinn.

Farið yfir götu



Þegar komið er að gangbraut skal stöðva röðina og gæta þess að umferð stöðvist ekki fyrr en hópurinn er tilbúinn að fara yfir götuna.

Mikilvægt að börnin gangi yfir götuna þegar umferð hefur stöðvast og að starfsfólk fari á undan röðinni og aftasti starfsmaður fer síðastur yfir.

Hópurinn skal rösklega yfir umferðargötuna.



Strætóferðir



Hámarksfjöldi í hverri ferð eru 28 börn.

Kynna sér vel tímaáætlun strætó.

Halda skal skipulagðri röð í strætóskýli og þegar gengið er inn og út um strætó.

Starfsmenn hafa stjórn á hópnum meðan beðið er eftir strætó svo börnin séu róleg nálægt umferð.

Telja skal börnin inn í strætó og sýna strætókort.

Börnunum komið fyrir í sætum (þrjú börn í tveimur sætum ef þörf er á). Ef engin sæti eru laus er mikilvægt að börnin sitji á gólfinu.

Einn starfsmaður er við hverja útgöngudyr til að passa að börnin fari ekki út á vitlausum stað. Mikilvægt að einn starfsmaður fari vel yfir vagninn áður en hann er yfirgefinn til að vera viss um að öll börnin séu farin úr strætó.

Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrr en vagninn er farinn.

Farið í íþróttarútu



Starfsmenn frístundar sjái til þess að þau mæti á réttum tíma í íþróttarútu.

Starfsmenn íþróttafélaganna sjá um að taka við þeim í rútunni og huga að öryggisþáttum s.s. að þau sitji í sætunum sínum, spenni öryggisbelti ofl.

Almennings- garðar



Starfsmaður finnur stað þar sem börnin geta geymt töskur og klæðnað. Mikilvægt er að einn starfsmaður sé ávallt vakandi yfir að vera nálægt bækistöðinni til öryggis.

Reglur sem gilda um staðinn útskýrðar og dagskráin kynnt.

Muna að telja börnin áður en garðurinn er yfirgefin.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir



Starfsmaður skal fara á undan og tilkynna komu hópsins.

Starfsmaður fer yfir reglur varðandi heimsóknina og almennar umgengnisreglur.

Mikilvægt er að telja börnin og hafa góða yfirsýn yfir hópinn.

Rýmingaráætlun

Vegna bruna í Demantabæ:

- Börnin fara með starfsmanni skipulega út stystu leið.
- Þetta þarf að gerast rólega og af yfirvegun.
- Ef börnin eru í Demantabæjarstofum, fara þau í skó, mynda röð og ganga rólega út með starfsmönnum á neðra svæði útilóðar Galtalindarmegin, fyrir neðan leiksvæði.
- Mynda raðir þar og starfsmenn gera nafnakall eða ganga úr skugga um að allir séu komnir út.
- Ef börnin eru í matsal, þá eru í poka í eldhúsi bláar skóhlífar sem börnin smeygja á fætur sér og fara í röð og ganga út um hurð í enda á salnum og halda á vallarsvæði Galtalindarmegin.
- Ef nemendur eru í íþróttasal, þá safnast börnin saman við útgönguleið í salnum og starfsmaður opnar út. Ekki er nauðsynlegt að fara út nema eldur sé í salnum sjálfum.
- Mikilvægt er að það liggi fyrir hverjir eru í salnum, hverjir í matsal og hverjir í stofu svo að enginn verði vantinn.
- Mikilvægt er að starfsmaður fari síðast út úr stofunni til að tryggja að enginn verði eftir. Loka stofu á eftir sér (ekki læsa).
- Þegar nemendur eru í heimilisfræði lætur starfsmaður nemendur fá bláar skóhlífar og heldur út á rólusvæði Galtalindarmegin, út stystu leið.
- Gott er ef starfsmenn séu með síma við hendina til að hafa samband á milli hópa t.d. þeir sem eru úti og annars vegar þeir sem eru í íþróttasal.
- Bíða þarf eftir merki frá húsverði til að koma aftur inn.

Óveður

Stundum getur dagskrá Demantabæjar raskast vegna óveðurs. Þá er ætlast til að foreldrar og forráðamenn meti hvort óhætt sé að senda börnin úr Demantabæ. Dagskrá Demantabæjar er haldið uppi fyrir þau börn sem mæta í frístundina. Ef veður versnar á skólatíma eða opnunartíma frístundar, þá eru börnin ekki send heim, heldur bíða þau í Demantabæ uns þau verða sótt eða þar til veðri slotar.

Á heimasíðu Lindaskóla má finna: „Viðbrögð skólans vegna óveðurs” og „Viðbrögð foreldra vegna óveðurs” sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins útbjó í samvinnu við fræðslufirvöld sveitarfélaganna á svæðinu.

Hressing

Demantabær býður upp á síðdegishressingu og svo ávaxtastund í lok dags. Hressingin er í matsal skólans, skipt eftir hópum, frá kl. 13:40 - 14:40. Ávaxtastundin er um kl. 16:00 í stofum Demantabæjar.

Innra mat

Innra mat fór fram í Demantabæ skólaárið 2024-2025. Þjónustukönnun var send út til foreldra þeirra barna sem nýta sér þjónustu frístundarinnar. Báðir foreldrar höfðu tækifæri til þátttöku. Innra mat Demantabæjar er skipulagt af menntasviði Kópavogsbæjar og fer fram árlega í öllum frístundum Kópavogsbæjar samhliða ytra mati sem fram fer á nokkurra ára fresti.

Spurningar þjónustukönnunarinnar sneru meðal annars að aðbúnaði í frístund, líðan barna í frístund, aðgengi barna að starfsmönnum frístundar og fagmennsku í starfi. Þá var spurt um upplýsingaflæði til foreldra, síðdegishressingu, aðgengi að stjórnendum og ánægju foreldra í heildina með frístundina.

Í flestum tilvikum var notaður mælikvarðinn 1 (mjög óánægður) til 10 (mjög ánægður). Einnig voru notaðar „já og nei“ spurningar og „Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu“. Að endingu var boðið upp á opin svör.

Jákvæðar niðurstöður innra mats

Í nær öllum tilvikum fannst foreldrum gott upplýsingaflæði frá frístund. Foreldrum fannst almennt gott aðgengi að stjórnendum frístundar og börn sín geta leitað til starfsmanna.

Í flestum tilfellum fannst foreldrum vera mætt þörfum barnsins í frístundinni, fagmannlega tekið á málum og áhersla lögð á samstarf við foreldra. Mikil ánægja var með fjölbreytt starf frístundar.

Foreldrar voru ágætlega sáttir við síðdegishressinguna, ein athugasemd kom um sætabrauð og almennt ánægðir með útisvæði frístundar.

Á heildina lítið voru foreldrar ágætlega ánægðir með frístundina.

Tækifæri til úrbóta

Ljóst var á niðurstöðum þjónustukönnunarinnar að þó nokkur óánægja var með húsnæði frístundarinnar. Ábendingar voru meðal annars um að lítið næði væri í boði fyrir börn sem kysu meiri rólegheit í leik, að húsnæði væri of lítið miðað við fjölda barna, frístundin þyrfti sér húsnæði og hávaði væri of mikill. Þá kom fram í opnu spurningunum léleg aðstaða væri fyrir útífatnað og að ekki væri nægilega mikið af leikföngum. Að lokum var athugasemd um fjölda starfsmanna, frístundin þyrfti fleiri starfsmenn og þeir að vera sýnilegri.

Þær úrbætur voru gerðar að húsnæði hefur stækkað enn frekar, en skólaárið 2024-2025 fjölgaði heimastofum frístundar um helming. Bætt var við fimmtu heimastofunni fyrir skólaárið 2025-2026 og er sú staða kölluð Næðisstofa og hugsuð fyrir þá nemendur sem kjósa ró og frið í frístundinni. Með auknu húsnæði hefur gefist tækifæri til að hólfa betur niður rýmum og meira næði í boði, að minnsta kosti hluta úr degi. Aukið er reglulega við úrval leikfanga og ákvörðun hefur verið tekin að versla nær einungis leikföng úr tré eftirleiðis til að endingin verði betri.

Regluleg fræðsla er fyrir starfsfólk þar sem farið er yfir dreifingu á svæði meðal annars, en í frístundinni eru hópstjórar áætlaðir á hvern bekk. Slíkt skipulag hefur verið í þó nokkur ár.

Símenntunaráætlun.

Starfmenn Demantabæjar fara reglulega á skyndihjálparnámskeið þar sem farið er ítarlega í skyndihjálp barna. Skyndihjálparnámskeið er að hámarki á tveggja ára fresti og stefnt er að því að nýjir og eldri starfsmenn fái þjálfun í skyndihjálp. Hjúkrunarfræðingur kemur í heimsókn og fer yfir með starfsmönnum um notkun á Epi penna, er sú heimsókn ákvörðuð af forstöðumanni og hjúkrunarfræðing hverju sinni og oftast en einu sinni yfir árið ef þörf er talin á því. Önnur námskeið og fræðsla eru útfærð í samvinnu skólastjórnenda Lindaskóla og forstöðumanns.

Listi yfir starfsfólk og starfsheiti

- ✓ Kristín Lillý Kjærnested forstöðumaður
- ✓ Bjarni Ben Stefánsson frístundaleiðbeinandi
- ✓ Diana Kiburyte frístundaleiðbeinandi
- ✓ Elín Rós Guðmundsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Guðrún Jana Arnarsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Hafdís Eygló Unnsteinsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Heiða Hrund Eggertsdóttir frístundaleiðbeinandi m. stuðning
- ✓ Helena Jóna Ragnarsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Ingunn Sara Loftsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Ivy Alda Guðbjargardóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Katrín Rós Þórðardóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Krzysztofa Danielska frístundaleiðbeinandi m. stuðning
- ✓ Lára Margrét Pálsdóttir frístundaleiðbeinandi m. stuðning
- ✓ Marín Líf Snorradóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Marta Manuela E Róbertsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Rebekka Guðfinna Pálsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Rebekka Viggósdóttir frístundaleiðbeinandi

Vikuskipulag Demantabæjar – 1. bekkur

Kl. 13:20-13:55 Stofur 1 og 2 – frjálst  Kl 13:25-13:55 Skák 	Kl. 13:20-14:00 Útivist  Föndur og kósý Kl. 13:30-14:10  Lego námskeið Kl. 13:20-16:00 (2 hóp.) 30. sept. – 21. okt 	Kl. 13:20-14:00 Útivist 	Kl. 13:20-14:10 Stofur 1 og 3 – frjálst 	Kl. 13:20-14:00 Íþróttasalur – hópur 1  Kl. 13:20-13:50 Útivist (hópur 2) 
Kl. 13:55-14:15 Kaffitími 	Kl. 14:00-14:20 Kaffitími 	Kl. 14:00-14:20 Kaffitími 	Kl. 14:10-14:30 Kaffitími 	Kl. 13:50-14:05 Kaffitími 
Kl. 14:15-14:50 Útivist  Kl. 14:50-16:00 Stofur 1 og 2 frjálst 	Kl. 14:20-16:00 Stofur 1 og 2 – frjálst  Næðisstofa 	Kl. 14:20-15:20 Listasmiðja 1. – 3. b  Kl. 14:20-16:00 Stofa 1 – frjálst 	Kl. 14:30-15:00 Sögustund – bókasafn  Kl. 14:30-15:00 Útivist 	Kl. 14:05-14:45 Íþróttasalur – hópur 2  Kl. 14:15-14:45 Útivist (hópur 1) 
Kl. 14:55 – 15:30 Bókasafn – hópur  Kl. 15:30-16:00 Lýðræðisfundur – hópur Næðisstofa 	Kl. 15:30-16:00 Danspartí stofa 1 (Just Dance)  Slökun / jóga 1x í mánuði	Kl. 14:50-16:00 Íþróttasalur hópur  Dans námskeið  Kl. 14:30-15:15 15. okt. – 3. nóu	Kl. 15:00-16:00 Stofur 1 og 2 – frjálst 	Kl. 14:45-16:00 Stofur 1 og 2 – frjálst  kl. 14:45-16:00 Föstudagsbíó 

Vikuskipulag Demantabæjar – 2. bekkur

Mánud.

Þriðjud.

Miðvikud.

Fimmtud.

Föstud.

Kl. 13:20-13:45
Útivist



Kl. 14:00-14:30
Skák



Kl. 13:20-13:55
Stofur 1 og 2 –
frjálst



Föndur og kósý
Kl. 13:30-14:10



Lego námskeið
Kl. 13:20-16:00 (2 hóp.)
30. sept – 21. okt



Kl. 13:20-14:00
Útivist



Dans námskeið



Kl. 14:30-15:15
15. okt. – 3. nóv

Kl. 13:20-13:55
Stofa 2 – frjálst



Kl. 13:30-13:55
Lýðræðisfundur –
hópur /
Næðisstofa



Kl. 14:00-15:30
Matreiðsluhópur



Kl. 13:20-14:00
Útivist



Kl. 13:20-14:10
Kór Lindaskóla



Kl. 13:45-14:05
Kaffitími



Kl. 13:55-14:10
Kaffitími



Kl. 14:00-14:20
Kaffitími



Kl. 13:55-14:15
Kaffitími



Kl. 14:00-14:20
Kaffitími



Kl. 14:05-14:30
Stofur 1 og 2 – frjálst



Kl. 14:30-15:00
Stofa 3 – Kahoot



Kl. 14:10-14:35
Útivist



Kl. 14:20-15:20
Leiklistarklúbbur
2. – 4. b



Kl. 14:20-15:20
Listasmiðja
1. – 3. b



Kl. 14:30-16:00
Stofa 2 – frjálst
Næðisstofa



Kl. 14:15-15:00
Íþróttasalur



Kl. 14:20-14:45
Tala tala



Kl. 14:15-16:00
Stofur 1 og 2 frjálst /
útivist



Kl. 15:00-16:00
Íþróttasalur



Kl. 14:55 – 15:30
Bókasafn –
hópur



Kl. 14:35-16:00
Stofa 2 – frjálst
Næðisstofa



Kl. 15:30-16:00
Danspartí stofa 1
(Just Dance)



Slökun / jóga
1x í mánuði

Kl. 15:00-16:00
Stofa 2 – borðspil



Kl. 14:45-15:55
Íþróttasalur allir



kl. 14:45-16:00
Föstudagsbíó



Vikuskipulag Demantabæjar – 3. bekkur

Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.
Kl. 13:20-14:00 Íþróttasalur – hópur 1  Kl. 13:20-14:00 Útiivist (hópur 2) 	Kl. 13:20-14:00 Útiivist  Lego námskeið Kl. 13:20-16:00 (2 hópar) 30. sept. – 21. okt 	Kl. 13:20-14:00 Stofur 1 og 2 – frjálst  Næðisstofa 	Kl. 13:20-13:55 Útiivist  Kl. 13:20-13:55 Bókasafn –hópur 	Kl. 13:20-14:00 Stofur 1, 2 og 3 – frjálst  Kl. 13:20-14:10 Kór Lindaskóla 
Kl. 14:00-14:20 Kaffitími 	Kl. 14:00-14:20 Kaffitími 	Kl. 14:00-14:20 Kaffitími 	Kl. 13:55-14:15 Kaffitími 	Kl. 14:00-14:20 Kaffitími 
Kl. 14:20-15:00 Íþróttasalur – hópur 2  Kl. 14:20-15:00 Útiivist – hópur 1 	Kl. 14:20-15:20 Leiklistarklúbbur 2. – 4. b  Kl. 14:30-16:00 Matreiðsla 	Kl. 14:20-15:20 Listasmiðja 1. – 3. b  Dans námskeið  Kl. 14:30-15:15 15. okt. – 3. Nóv	Kl. 14:15-14:45 Kahoot – Stofa 3 – Hópur 1 Kl. 14:45-15:25 Kahoot – Stofa 3 – Hópur 2  Kl. 14:15-15:00 Stofur 1 og 2 – frjálst	Kl. 14:20-14:45 Tala tala  kl. 14:40-16:00 Föstudagsbíó  Kl. 14:45-15:55 Íþróttasalur allir 
Skák kl. 14:30-14:55  Kl. 15:00-15:30 Lýðræðisfundur – hópur Næðisstofa 	Kl. 14:20-16:00 Stofur 2 og 3 – frjálst  Kl. 15:05-15:30 Bókasafn –hópur 	Kl. 14:20-15:00 Útiivist  Kl. 15:00-16:00 Stofur 1 og 2 – frjálst 	Kl. 15:00-16:00 Íþróttasalur 	Kl. 14:20-16:00 Stofur 1 og 2 – frjálst 

Vikuskipulag Demantabæjar - 4. bekkur

Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.
Skipulag m. kennara Kl. 13:20-14:15 	Kl. 13:20-14:05 Borðtennis - Stofa 4  Lego námskeið Kl. 13:20-16:00 (2 hópar) 30. sept. - 21. okt 	Kl. 13:20-14:30 Lautarferð 	Kl. 13:20-14:15 Íþróttaklúbbur (íþróttasal) 	Kl. 13:20-14:00 Útiivist  Kl. 13:20-14:10 Kór Lindaskóla 
Kl. 14:15-14:30 Kaffitími 	Kl. 14:05-14:20 Kaffitími 	Kaffitími í lautarferð 	Kl. 14:15-14:30 Kaffitími 	Kl. 14:00-14:20 Kaffitími 
Skák kl. 14:30-14:55  Kl. 14:55-15:30 Tölvustofa  Kl. 15:30-16:30 Frjálst 	Kl. 14:20-15:20 Leiklistarklúbbur 2. - 4. b  Kl. 15:30 - 16:00 Bókasafn - hópur 	Kl. 14:30-16:00 Matreiðsla (stundum lautarferð ef lengi)  Frjálst  Dans námskeið Kl. 14:30-15:15 15. okt. - 3. nóu 	Kl. 14:30-15:05 Stofa 3 - Kahoot  Kl. 15:05-15:30 Lýðræðisfundur  Kl. 15:30-16:30 Frjálst 	Kl. 14:20-14:45 Tala tala  kl. 14:45-16:00 Föstudagsbíó  Kl. 14:45-15:55 Íþróttasalur allir 